

## SKOÐUN

## Stjórnarhættir fyrirtækja og samfélagsábyrgð

STEFÁN EINAR  
STEFÁNSSON

lag til þess verkefnis sem felst í því að endurheimta traust og trú á íslenskum fyrirtækjum og markaði.

**Að gera betur**

Almennt virðast menn sammála um að íslenskt viðskiptalíf hafi farið fram úr sjálfu sér á síðustu árum og oftast en ekki virðast menn fremur hafa teft af fífl-dirfsku en hugrekki og ráðdeild. Góðir stjórnarhættir hafa að öllum líkindum ekki verið hafðir í fyrirrúmi og má að einhverju leyti kenna því um hvernig fór. Að minnsta kosti segir í inn-gangi að útgáfunni nýju þegar fjallað er um fjármálakreppuna sem yfir okkur hefur dunið að „í ljósi þess að íslenskt viðskiptalíf hefur orðið sérstaklega illa úti er við hæfi að hér verði brugðist við af festu og skilvirkni og stjórn-arhættir í íslensku viðskiptalífi bættir til frambúðar.“

Ekki er hægt að halda því fram að ný útgáfa að leiðbeiningum um

stjórnarhætti fyrirtækja muni ein og sér skila okkur ábyrgari stjórn-endum og sterkari fyrirtækjum, en hitt er ljóst að þau nýmæli sem finna má í útgáfunni eru þess eðlis að ef eigendur og stjórnendur fyrirtækja gera sér í framtíðinni far um að fylgja þeim, þá eru meiri líkur en minni á því að svo geti orðið. Helst langar mig í því sambandi til þess að minna á sérstakan kafla í leið-beiningunum sem nefnist „siðferði og samfélagsleg ábyrgð“. Í þeim kafla er stjórnnum fyrirtækja bent á mikilvægi þess að „setja sér, stjórn-endum og starfsmönnum skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð félagsins“.

Röksemdirnar sem færðar eru fram fyrir því að stjórnir fyrirtækja leggi áherslu á þessi atriði í rekstri sínum eru í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi getur aukin meðvitund og áhersla á ábyrgð og siðferðilegt gildismat í ákvarðanatökum stuðlað að heilbrigðara atvinnulífi og gróskuríkara samfélagi. Í öðru lagi,

“

Almennt virðast menn sammála um að íslenskt viðskiptalíf hafi farið fram úr sjálfu sér á síðustu árum.

og samhengi við fyrri atriðið, geta fyrirtæki styrkt rekstrargrundvöll sinn, lágmarkað hættuna á því að verða fyrir neikvæðri gagnrýni, og stuðlað að aukinni samkeppnishæfni sinni, fylgi þau ábyrgri stefnu í þessum efnum. Með þessu er stjórnendum því sýnt fram á að aukin áhersla á siðferðileg gildi og samfélagslega ábyrgð er fyrirtækjum ekki kybbi um kverk, eins og sumir hafa viljað halda fram, heldur þvert á móti öflug leið til þess að styrkja rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni þeirra.


**Eftirfylgd**

Sú gagnrýni hefur komið fram á leiðbeiningar um stjórnarhætti að þær hafi í engu skilað þeim árangri sem þeim var í upphafi ætlað. Hugmyndafræðin að baki því að láta viðskiptalífið setja sjálfu sér reglur (self-regulation)

virki ekki og menn gangi ein-faldlega fram með þeim hætti sem þjóni þeirra eigin hagsmun-um best, séu viðurlög ekki til staðar til þess að koma í veg fyrir brot gegn reglunum. Á margan hátt má taka undir þessa gagn-rýni, enda virðast menn ekki hafa tekið leiðbeiningarnar eins hátíðlega og til var ætlast. Hinu má ekki gleyma að hugmyndin að baki leiðbeiningunum er góð og viðskiptalífið, og raunar sam-félagið allt, hefur mörg úrræði til þess að fá fyrirtæki til þess að fylgja þeim.

Nú, þegar hinar nýju leiðbeining-er eru komnar út, er mikilvægt að markaðurinn allur, stórir fjárfest-er sem smáir, einstaklingar, lífeyr-issjóðir og umsvifamiklir fyrirtækj-arekendur, taki höndum saman og geri þá kröfu til viðskiptalífsins alls að þau viðmið sem það hefur sjálft sett sér séu haldin í heiðri. Gera þarf stjórnnum og stjórnend-um fyrirtækja grein fyrir því að ef menn fara á svig við þau ágætu viðmið sem finna má í leiðbein-ingunum muni það hafa afleiðing-ur til hins verra fyrir viðkomandi fyrirtæki. Ef samfélaginu tekst ekki að búa þannig um hnútana að leiðbeiningarnar tryggi eins vel og kostur er að góðir stjórnarhættir séu viðhafðir í fyrirtækjum hér á landi, er allt eins víst að löggjaf-inn telji best að festa reglur sem þessar í lög. Það væri óheillaspor, enda mikilvægt að viðskiptalífið sé ekki drepið í dróma of mikils regluverks og skrifræðis.

*Höfundur er sið- og guðfræðingur og starfar við Háskólann í Reykjavík.*



# SÉRFRÆÐINGAR Í MEDALSTÓRUM FYRIRTÆKJUM

- Leit að heppilegum fyrirtækjum eða kaupendum.
- Verðmat fyrirtækja.
- Viðræðu- og samningaferli.
- Fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.
- Gerð kaupsamninga og tengdra samninga.

Skoðið tækifærin: [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)



Brynhildur Bergþórsdóttir  
rekstrarhagfræðingur,  
brynhildur@kontakt.is



Gunnar Svavarsson  
viðskiptafræðingur,  
gunnar@kontakt.is



Jens Ingólfsson  
rekstrarhagfræðingur,  
jens@kontakt.is



Sigurður A. Þórðsson  
hl. sigurdur@kontakt.is



Þórarinn Arnar  
Sævarsson  
fyrirtækjaráðgjafi,  
tas@kontakt.is



Ragnar Hannes  
Guðmundsson  
viðskiptafræðingur  
ragnar@kontakt.is



Arnór H. Arnórsson  
rekstrarhagfræðingur  
arnor@kontakt.is

## KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200  
[www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

globalM&A Iceland

Gíruð hjól  
atvinnulífsins.

Viðskiptablaðið

— Blað atvinnulífsins —

vb.is